

Orðaspjall

Orðskýringar

Alþýðu: almennur borgari, almúgi eða almenningur. Venjulegt fólk í samfélagi.

Auðsæld: ríkidæmi.

Álögum: ástand sem stafar af galdri eða illri forspá.

Ánaudum: þrælkun. Vera neyddur til að gera eitthvað eða lenda í einhverju.

Ást: mikill kærleikur gagnvart annarri manneskju eða fyrirbæri.

Eftirför: það að fara á eftir einhverjum eða elta.

Friðleika: fallett útlit.

Fyrndinni: í gamla daga.

Gjaforð: það að eignast maka.

Hamskipti: umbreyting. Þegar lífvera skiptir um skinn, t.d. slangan sem skiptir um ham.

Hvílu/Rekkju: Rúm.

Jóðmæli: þegar völur og nornir fóru um lönd og spáðu fyrir mönnum, sérstaklega börnum, þá kallaðist það jóðmæli. Jóðmæli voru í formi smávers, barngælu, ljúflingskvæði eða þulu og innihéldu oft heilræði, gjafir og bæn til æðri máttar um að gæta barnsins.

Margýgjum: Hafgýgur eða hafmey eru í mannsmynd fyrir ofan beltisstað en fiskur að neðan. Þær eru taldar vera með gulleitt, sítt hár og sæki að ungum mönnum á skipi ef þeir eru að dotta. Talað er um að oftast sé hægt að sjá þær norður við Grímsey.

Mæltu: tala einhver orð eða segja. Getur líka verið að taka mál eða gera mælingu.

Mær: ung stúlka eða mey.

Opinbera: segja frá einhverju sem var leynt.

Ólst: fæða barn. Barnið ólst upp hjá foreldrum sínum t.d. foreldrar ala upp barnið og sinna þörfum þess.

Skepnur: dýr. Getur líka notað orðið á niðrandi hátt um manneskjur. Af hverju er það niðrandi að vera eins og skepna?

Skipar: gefa fyrirmæli. Getur líka verið að haga einhverju á einhvern hátt eða að setja einhvern í ákveðna stöðu, t.d. sem verkefnastjóra.

Sóma: vera viðeigandi.

Steypast: falla með krafti. Getur líka átt við þegar maður fær fullt af bólum eða útbrot.

Vana forntíðarinnar: siður eða venja. Athöfn sem er gerð í sérstökum tilefnum. Getur líka verið að láta gelda dýr eða gera þau ófrjó.

Vís: einhver sem hefur þekkingu, er vitur og fróður. Getur líka verið áreiðanlegur, öruggur eða viss.

Þunguð: að vera ólétt eða ganga með barni.

Samheiti og andheiti

Orð	Samheiti	Andheiti
Alþýðu		Yfirstétt
Ánauðum	Þrælkun	Frelsi
Ást		Ástleysi, hatur
Fríðleika	Snoturleiki	Ljótleiki
Fyrndinni	Fortíð	Framtíð
Gjaforð	Ráðhagur	
Hafgýgur	Margýgur, haffrú, meyfiskur	
Hamskipti	Hambrigði	
Hvílu	Rekkja, rúm	
Skepnur	Dýr	
Sóma	Sæmd	Skömm, vansæmd
Vana forntíðarinnar	Venja	
Þunguð	Ófrísk, barnshafandi, ólétt	